



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Áform um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (snjalltæki) - MRN25060273
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Mennta- og barnamálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	2. júní 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Hröð tækniþróun hefur haft töluverð áhrif á skólastarf en á sama tíma skapað margs konar ný tækifæri. Rannsóknir hafa sýnt að truflun frá eigin tækjum í skólum tengist lakari námsárangri en jafnframt hafa rannsóknir sýnt að stafræn tækni er mikilvæg fyrir nám og námsárangur. Nánast öll íslensk börn og ungmenni hafa til umræða eigin snjallsíma (farsíma) Í skólastarfi er nemendum almennt séð fyrir viðeigandi búnaði til að sinna verkefnum sem tengjast stafrænni tækni. Samfélagsmiðlanotkun er mjög algeng meðal ungmenna í eigin snjallsímum og í mörgum tilvikum yngri barna en æskilegt er að samfélagsmiðlanotkun í afþreyingartilgangi sé ekki heimil í tölvubúnaði sem skóli útvegar nemendum. Með viðeigandi notkun er hægt að stuðla að bættu umhverfi nemenda og kennara, og bættri líðan nemenda. Að auki getur viðeigandi notkun og reglubundin fræðsla m.a. stuðlað að aukinni félagslegum og jákvæðum samskiptum „í raunheimum“, eftl félagsfærni og stuðlað að ábyrgri nethegðun og öruggari stafrænum samskiptum.

Engar miðlægar reglur eru hér á landi um notkun barna á sínum, snjalltækjum og samfélagsmiðlum í skólum. Flestir grunnskólar hér á landi hafa sett sér reglur eða viðmið um notkun farsíma í grunnskólum. Samkvæmt könnun umboðsmanns barna árið 2024 höfðu allir grunnskólar sem svöruðu sett sér reglur eða 126 talsins; 45% þeirra leyfa ekki farsíma, 52% leyfa farsíma með takmörkunum og 3% leyfa farsíma án takmarkana. Í 58% tilvika komu nemendur að gerð reglnanna. Þá hafa embætti landlæknis, umboðsmaður barna, Barnaheill, Heilsugæslan, Heimili og skóli og SAFT gefið út aldursbundin viðmið um skjánotkun barna og ungmenna, þ.m.t. á samfélagsmiðlum, til stuðnings foreldrum við að stuðla að jákvæðri og uppbyggilegri umgengni við tækni, tölvur og snjalltæki.

Í ágúst 2023 var skipaður starfshópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis sem hafði það hlutverk að móta leiðbeiningar um viðeigandi og örugga farsímanotkun í grunnskólum með fulltrúum ýmissa haghafa. Fyrir liggja drög að skýrslu. Í skýrsludrögunum eru niðurstöður reifaðar, þar sem m.a. kemur fram að snjallsímar eigi ekkert erindi innan grunnskóla í afþreyingartilgangi. Þá kemur fram að hópurinn er sammála um að notkun farsíma hjá nemendum í 1.-7. bekk eigi almennt ekki að vera í skólastarfi og að notkun samfélagsmiðla á skólatíma eigi alltaf að vera óheimil. Innan hópans voru aftur á móti sjónarmið á móti algjöru símaþótti í grunnskólum.

Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefur í mennta- og barnamálaráðuneytinu verið unnið að undirbúningi samræmdra reglna um notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla í skólum.

2. Hvert er úrlausnarefnið? Styrkja heimildir mennta- og barnamálaráðherra til að samræma reglur um notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla í skólum með það m.a. að markmiði að bæta námsumhverfi og líðan nemenda. 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til? Engar miðlægar eða samræmdar reglur um notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla í grunnskólum eru að finna í löggjöf um grunnskóla. Styrkja þarf heimildir fyrir setningu slíkra reglna. Á þessu stigi hefur þó ekki verið ákveðið hvaða útfærsla verður fyrir valinu.
B. Markmið
1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að skoðað verði hvort setja eigi samræmdar reglur um notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla í skólum (aðgerð 15). Þann 31. mars 2025 lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 (156. löggjafarþing, 264. mál). Á málefnasviði 22 er m.a. lýst þeirri framtíðarsýn og því meginmarkmiði að náms- og vinnuumhverfi nemenda styðji við inngildingu, jöfnuð og farsæld og standist alþjóðlegan samanburð. Þá er lögð áhersla m.a. á bætt umhverfi nemenda og kennara. Til að mæta áskorunum málefnasviðsins verður ráðist í fjölbreyttar aðgerðir til að bæta námsárangur grunnskólanemenda, þ. á m. stuðlað að betri líðan og bættum námsárangri allra nemenda. 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda. Með fyrirhuguðu frumvarpi er ætlunin að styrkja heimildir mennta- og barnamálaráðherra til að samræma reglur um síma, snjalltæki og samfélagsmiðla í skólum og að bæta umhverfi nemenda og kennara.
C. Leiðir
1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Ólíkar útfærslur verða á reglum eða viðmiðum um notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla í grunnskólum. Mikilvægt er að samræma lágmarksviðmið og undanþágur í reglum til að ná því markmiði sem stefnt er að, sbr. A.2. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið. Til skoðunar hefur verið hvort móta eigi leiðbeiningar um viðeigandi og örugga farsímanotkun í grunnskólum og veita grunnskólum svigrúm til útfærslu á slíkum reglum. Slík leið getur þó leitt til mismunandi útfærslna, sbr. C.1. Lagasetning er því nauðsynleg til að ná því markmiði sem stefnt er að, sbr. A.2. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu. Gerðar verði breytingar á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008. Til hliðsjónar hefur löggjöf Norðurlandanna verið könnuð sérstaklega en útfærslan er mismunandi. Í Svíþjóð er að finna ákvæði í skólalöggjöf þeirra þar sem notkun snjalltækja er ávallt bundin við kennslufræðilegan tilgang. Í Noregi eru miðlægar leiðbeiningar til sveitarfélaga um notkun snjalltækja í skólum. Í Danmörku eru miðlægar leiðbeiningar til skóla en þar í landi eru áform um að lögfesta bann við snjalltækjum í skólum. Í Finnlandi voru nýlega samþykkt lög sem takmarka notkun farsíma og annarra snjalltækja í skólum og taka lögin gildi 1. ágúst 2025. Notkun tækjanna verður bundin við kennslufræðilegan tilgang eða ef notkun er í tengslum við heilsufarslegar ástæður nemenda.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni. Gert er ráð fyrir breytingum á lögum um grunnskóla í þeim tilgangi að styrkja heimildir mennta- og barnamálaráðherra til að samræma reglur um notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla í skólum. Við vinnslu frumvarpsins verður litið sérstaklega til Norðurlandanna og þeirra leiða sem farnar hafa verið þar við lagasetningu á þessu sviði. Ekki hefur á þessu stigi verið tekin endanleg ákvörðun um hvaða leið verður fyrir valinu en til skoðunar er samræming reglna, þ. á m. er viðkemur mögulegum undanþágum á notkun. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Á þessu stigi eru einungis fyrirhugaðar breytingar á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, og á viðeigandi reglugerðum eftir því sem við á.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Taka þarf tillit til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Grunnskólar, sveitarfélög, skólastjórnendur, kennarar, nemendur og foreldrar í skólastarfi á grundvelli laga um grunnskóla. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Starfshópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis hafði það hlutverk að móta leiðbeiningar um viðeigandi og örugga farsímanotkun í grunnskólum með fulltrúum ýmissa haghafa. 4. Fyrirhugað samráð. Áform um lagasetningu verða sett í samráðsgátt og óskað eftir umsögnum frá helstu hagsmunaaðilum. Fyrirhugað er að eiga sérstakt samráð við börn um útfærslu reglna um notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar muni valda kostnaðarauka fyrir ríkið.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina? Áformað er að birta drög að frumvarpi í samráðsgátt stjórnvalda og stefnt er að því að leggja frumvarp fyrir Alþingi á haustþingi 157. löggjafarþings. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almenningsur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Um er að ræða breytingar til að tryggja samræmingu milli grunnskóla landsins þegar kemur að notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla í grunnskólum. Flestir grunnskólar landsins hafa nú þegar sett sér einhvers konar reglur, undanþágur eða viðmið um notkun þessara tækja í grunnskólum. Ekki er gert ráð fyrir að sérstakrar innleiðingaráætlunar sé þörf en þó þurfi að veita skólum svigrúm til aðlögunar eða til innleiðingar innan ákveðinna tímamarka.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Sveitarfélög og skólar hafa fyrst og fremst aðkomu að innleiðingunni í góðu samstarfi við foreldra og nemendur, og ríkið eftir því sem við á.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

Heildstæðar reglur gildi um notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla í skólum sem skili sér m.a. í bættum námsárangri barna og vellíðan þeirra í grunnskólum.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Já.

I. Annað

|

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.